



**SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ**

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

**ÁRSSKÝRSLA 2009**

Ársskýrsla 2009  
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga  
Hafnarhúsinu  
Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
2010/10  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

---

## Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á tímamótum

Undanfarnar vikur hef ég sem ráðherra sveitarstjórnarmála kynnt mér þennan málaflokk sérstaklega og sótt allmarga fundi hinna ýmsu aðila sem sinna sveitarstjórnarmálum, svo sem aðalfundi landshlutasamtaka og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mér hefur lærst betur en áður að sveitarfélög gegna lykilhlutverki á flestum sviðum samfélagsins og ábyrgð sveitarstjórnarmanna er engu minni en ábyrgð þeirra sem starfa í stjórnámálum á landsvísu.

Ljóst er að fjárhagsstaða sveitarfélaga er erfið um þessar mundir rétt eins og staða ríkissjóðs. Af þeim sökum stendur allt hið opinbera kerfi frammi fyrir því að endurskoða nánast alla starfsemi sína og leita leiða til hagræðingar og sparnaðar án þess þó að það komi niður á getunni til að veita lögboðna og eðlilega þjónustu.



Mörg verkefni í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um þessar mundir snúast um fjármál sveitarfélaga. Eitt þeirra snertir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega en það er endurskoðun á öllu regluverki sjóðsins. Önnur verkefni eru til dæmis heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum, endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, átakið um eflingu sveitarfélaga og síðan vinna við aukið samráð ríkis og sveitarfélaga og setning fjármálareglna fyrir sveitarfélög.

Skýrsla starfshóps um nýtt regluverk Jöfnunarsjóðs er viðamikil og tillögurnar sem þar eru settar fram áhugaverðar. Hópurinn leggur til grundvallar að skýra þyrfti jöfnunarhlutverk sjóðsins og aðskilja þann þátt starfseminnar frá öðrum verkefnum sem sjóðnum hafa verið falin. Lögð er til breyting í þremur skrefum og þriðja og síðasta skrefið yrði eftirfarandi:

- Öll framlög sjóðsins sem hafa jöfnunartilgang, þ.e. öll framlögin í svokallaðri A-deild, verði sameinuð í eitt samræmt jöfnunarframlag til sveitarfélaga.
- Þróað verði nákvæmt útgjaldamælingarkerfi sem gefur nauðsynlegan grunn til að skilgreina og meta útgjaldaþörf sveitarfélaga vegna lögbundinna og venjubundinna verkefna, sem og vegna annarra tiltekinna þátta sem hafa áhrif á útgjaldaþörf.
- Tekið verði mið af hámarksskatttekjum einstakra sveitarfélaga af útsvari og fasteignaskatti en þörf fyrir framlög úr Jöfnunarsjóði ræðst af því hve mikið vantar upp á til að tekjur dugi fyrir skilgreindum, mældum gjöldum. Ef útgjaldaþörf er minni en skatttekjur verði ekki veitt framlag.

Þetta er róttæk breyting en það er nauðsynlegt að við einbeitum okkur að því hlutverki Jöfnunarsjóðs að hann jafni tekjur og aðstöðu sveitarfélaganna. Þannig stendur hann best undir nafni og nær best tilgangi sínum. Ég legg áherslu á samráð við sveitarstjórnarmenn um breytingarnar og mun hlusta á sjónarmið þeirra og við þurfum að vanda vel til breytinganna sem framundan eru.

Í lokin vil ég minna á þá breytingu sem verður um áramótin á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar málefni fatlaðra verða flutt frá ríkinu. Í því felst mikil ábyrgð fyrir sveitarfélögin og þar fær Jöfnunarsjóður einnig aukið hlutverk. Jöfnunarsjóður stendur því á tímamótum og við skulum leggjast á eitt með að vanda breytingaferlið.

*Ögmundur Jónasson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

### **Ráðgjafarnefnd**

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar ráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð, hefur gegnt störfum formanns frá ársbyrjun 2008. Fulltrúar Sambandsins í nefndinni kjörtímabilið 2006 – 2010 eru þau Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ, Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri í Akureyrarkaupstað og Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en svokölluð bundin framlög.

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en sjaldnar að sumri til. Á árinu 2009 hélt nefndin 10 bókaða fundi.

Ráðherra mun skipa nýja ráðgjafarnefnd fyrir kjörtímabilið 2010 – 2014 að fengnum tillögum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### **Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa**

Árlegum fundi ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskóla-fulltrúum sveitarfélaga, sem halda átti í desember, var frestað fram í febrúar 2010 vegna mikilla anna hjá Jöfnunarsjóði.

Á fundinum í febrúar gerði Björk Ólafsdóttir, nýráðin verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, grein fyrir samstarfsverkefni Sambandsins, menntamálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einkum felst í mati á skólastarfi og innleiðingu nýrra laga um leik- og grunnskóla. Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri, gerði grein fyrir framgangi verkefnis er tengist þjálfun

sérfræðinga sem koma að málefnum innflytjenda, flóttamanna og annarra sem læra íslensku sem annað tungumál. Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, fjallaði um vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs í tengslum við úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda. Fundurinn var að venju vel sóttur.

### **Aðsetur - starfsmenn**

Í tengslum við flutning málefna sveitarfélaganna frá félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins 1. janúar 2008 flutti starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í húsnæði samgönguráðuneytisins á III. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu þann 1. apríl 2009.

Á árinu 2009 voru starfsmenn sjóðsins þrír í fullu starfi. Þau Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur, Elín Pálsdóttir, forstöðumaður og Halldór V. Kristjánsson, stjórnsýslufræðingur. Vorið 2009 var Sigurborg K. Stefánsdóttir, viðskiptafræðingur, ráðin í hálfu stöðu hjá sjóðnum en hefur nú látið af störfum og tekið við fullu starfi hjá ráðuneytinu. Í tengslum við heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn og vegna væntanlegrar yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hefur Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur, verið ráðinn til sjóðsins.

### **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Annar ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 2. október 2009 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík. Markmiðið með fundinum var að gefa þeim aðilum er vinna að sveitarstjórnarmálum tækifæri til að kynna sér betur helstu þætti í starfsemi sjóðsins og ræða viðfangsefni hans og stuðla þannig að auknu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Í ávarpi sínu á fundinum fjallaði Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um vaxandi vægi sveitarstjórnarmála í ráðuneytinu. Langflest málefni sem ráðuneytið ynni að snertu sveitarfélögin. Það hefði því verið rétt ákvörðun að flytja sveitarstjórnarmálin í samgönguráðuneytið sem frá 1. október 2009 hétu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Ráðherra fjallaði um erfiða stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar og kom inn á náið samráð ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi. Greindi hann frá viljayfirlýsingu ráðuneytisins og sambandsins frá 29. september 2009 um áframhaldandi vinnu við eflingu sveitarstjórnarstigsins með yfirfærslu verkefna og breikkun tekjustofna. Ráðherra fjallaði síðan um þá starfshópa og nefndir sem væru að störfum á vegum ráðuneytisins til að markmiðið um eflingu sveitarstjórnarstigsins næði fram að ganga.

Auk ávarps samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og kynningar á ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008 gerði Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri, grein fyrir úthlutun 1.000 m.kr. aukaframlags í Jöfnunarsjóð á árinu 2009.

## Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem kynnu að verða á starfsemi sveitarfélaganna á næstu misserum skipaði Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, starfshóp í ársbyrjun 2009 um heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðar-ákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Starfshópnum var ætlað að meta gæði núverandi jöfnunarkerfis og setja fram hugmyndir um mögulega heildarendurskoðun sjóðsins þannig að tryggt verði að hann þjóni sem best markmiðum sínum. Þá átti starfshópurinn að taka mið af tillögum sem kynnu að koma fram á næstu misserum í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lögum um tekjustofna sveitarfélaga eða öðrum þáttum í starfsemi sveitarfélaga, svo sem sameiningum.

Formaður starfshópsins var Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogi. Auk hans skipuðu starfshópurinn þau Björg Ágústsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grundarfjarðarbæ, og Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Með hópnum störfuðu sérfræðingar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk óháðs sérfræðings sem starfshópurinn kallaði til.

Starfshópurinn lauk störfum í júní sl. Í skýrslu, sem nálgast má á vef ráðuneytisins, gerir starfshópurinn ítarlega grein fyrir tillögum sínum að breytingum á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn og nýrri framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild. Í skýrslunni eru tillögur starfshópsins settar fram með þremur valkostum.

*Með valkosti 1* eru settar fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á núverandi kerfi. Starfshópurinn fól ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að vinna úr þeim tillögum.

*Með valkosti 2* eru til viðbótar settar fram tillögur um innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlag sjóðsins í sinni núverandi mynd væri lagt niður og breyting gerð á útreiknaðri stærðarhagkvæmni sveitarfélaga.

*Með valkosti 3* er lögð til grundvallarbreyting á núverandi jöfnunarkerfi með útfærslu á nákvæmu upplýsingakerfi sem byggist á mælingu helstu útgjaldaþátta sveitarfélaga.

Með tillögu sinni um nýja framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild leggur starfshópurinn áherslu á að gerður sé skýr greinarmunur á þeim verkefnum sjóðsins sem annars vegar eru jöfnunarverkefni og hins vegar önnur verkefni sem sjóðnum hefur verið falið að sinna. Undir A-deildina myndu þá falla jöfnunarframlög sjóðsins og hafa forgang umfram þau framlög sem tilheyrðu B-deildinni og eru skilgreind sem millifærslu- og endurgreiðsluframlög.

## Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins

Á árunum 2005 – 2010 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til sveitarfélaga er sameinuðust á árinu 2006 á grundvelli átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins, sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2004.

Úthlutun framlaga fer fram á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Áætlað er að heildarfjárbörf vegna átaksins á grundvelli framangreindra reglna muni nema um 2.300 – 2.400 m.kr. Á árinu 2009 námu greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna átaksins samtals rúmlega 357 m.kr. Í árslok 2009 höfðu samtals um 1.974 m.kr. komið til greiðslu vegna verkefnisins. Þar af nema greiðslur úr ríkissjóði samtals 820 m.kr. Lokagreiðslur vegna átaksins fara fram á árinu 2010.

## Húsaleigubætur

Á grundvelli tillagna nefndar á vegum félags- og tryggingamálaráðherra um úrræði í húsnæðismálum frá 11. janúar 2008 var undirritað samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur er tók gildi 1. apríl 2008.

Samkomulagið kveður á um hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og aðkomu ríkisins að greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Árlegur kostnaður vegna þeirra breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér var áætlaður 620 m.kr. vegna almennra húsaleigubóta og 100 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta eða samtals 720 m.kr. Í samkomulaginu er kveðið á um að ríkissjóður greiði 60% af heildarkostnaði vegna hækkunar húsaleigubóta og sveitarfélögin 40%.

Fljótlega kom í ljós að greiðslur sveitarfélaga á almennum- og sérstökum húsaleigubótum yrðu mun meiri en samkomulagið gerði ráð fyrir og ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á grundvelli samkomulagsins því alls ekki nægjanlegt til að standa undir 60% hlutdeild ríkissjóðs.

Áætlanir sveitarfélaga frá 1. nóvember 2007 um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2008 námu samtals 1.636 m.kr. en með tilkomu samkomulagsins voru raungreiðslur sveitarfélaganna samtals um 2.244 m.kr. á árinu. Á árinu 2009 námu raungreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum samtals um 3.122 m.kr. Endurskoðaðar áætlanir sveitarfélaga um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2010 nema um 3.422 m.kr. Greiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum hafa því rúmlega tvöfaldast frá gildistöku samkomulagsins sé tekið mið af áætluðum greiðslum sveitarfélaganna á árinu 2008 og 2010.

Hvað sérstöku húsaleigubæturnar varðar þá námu raungreiðslur sveitarfélaganna um 149 m.kr. á árinu 2008 eftir gildistöku samkomulagsins. Á árinu 2009 námu þær um 358 m.kr. Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur á sérstökum húsaleigubótum á árinu 2010 nema tæplega 1.000 m.kr. Hækkun á milli árána 2009 og 2010 skýrist að stærstum

hluta af greiðslum Reykjavíkurborgar á sérstökum húsaleigubótum vegna félagslegs leiguhúsnæðis í eigu Félagsbústaða hf. Greiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum eru því orðnar tífalt hærrí en samkomulagið gerir ráð fyrir.

Á árinu 2009 fór fram uppgjör á 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs samfara samkomulaginu vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum og sérstökum húsaleigubótum á árinu 2008. Þrátt fyrir verulegt viðbótarframlag frá ríki á árinu 2009 þá vantar enn um 88 m.kr. svo uppgjör á 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs vegna ársins 2009 geti farið fram. Að teknu tilliti til áætlana sveitarfélaga um greiðslur húsaleigubóta á árinu 2010 er um verulega viðbótarfjárförf að ræða vegna samkomulagsins um húsaleigubætur umfram framlag á fjárlögum ársins. Vonir standa til að á grundvelli fjárukalaga 2010 fái sjóðurinn nægjanlegt viðbótarframlag svo hægt verði að standa við 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs vegna árána 2009 og 2010.

Samkomulagið um húsaleigubætur er tímabundið og átti gildistími þess að renna út 31. mars 2010. Samkomulagið var framlengt út árið 2010 og er nú til endurskoðunar hjá starfshópi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Niðurstöður starfshópsins munu liggja fyrir á næstunni.

### **Aukaframlag**

Að tillögu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005 og á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 var greitt 1.400 m.kr. tímabundið aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2007 og 2008. Í lok ársins 2008 náðist samkomulag um áframhaldandi greiðslur aukaframlagsins á árinu 2009.

Á fjárlögum ársins 2009 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt aukaframlag að fjárhæð 1.000 m.kr. til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga á árinu. Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra út reglur, nr. 862/2009, um ráðstöfun aukaframlagsins. Breyting var gerð á reglunum milli ára í ljósi þeirra breytinga sem orðið höfðu í rekstrarumhverfi sveitarfélaga.

Á grundvelli reglnanna var varið 700 m.kr. til sveitarfélaga vegna þróunar íbúafjölda árin 2004 – 2008 og hlutfallslegrar þróunar heildartekna á íbúa milli árána 2004 – 2009. Varið var 210 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum hafði fjölgað meira en hjá Reykjavíkurborg á árunum 2004 – 2008 en meðaltekjur á íbúa verið lægri en reiknaðar meðaltekjur viðkomandi sveitarfélaga. Varið var 90 m.kr. til sveitarfélaga, annarra en Reykjavíkurborgar, þar sem tekið er tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélags.

Framlögín voru skert með hliðsjón af jákvæðri peningalegri stöðu og heildartekjum á árinu. Einungis kom til úthlutunar framlags ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2009 hafði verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls hlutu 45 sveitarfélög aukaframlag á árinu 2009 eða 7 fleiri en á árinu 2008.



Á árinu 2010 er um að ræða 1.000 m.kr. aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga á árinu.

### **Framlag vegna endurgreiðslu á hækkun tryggingagjalds**

Við lokaumræðu fjárlaga fyrir árið 2010, sem fram fór í desember 2009, var ákveðið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi sérstakt viðbótarframlag, samtals að fjárhæð 1.200 m.kr., til að mæta hækkun á launakostnaði sveitarfélaga í kjölfar hækkunar á tryggingagjaldi úr 7,0% í 8,65% á árinu 2010 í samræmi við samkomulag þar um. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði sveitarfélögum út framlag vegna þessarar kostnaðarhækkunar í samræmi við upplýsingar um skil þeirra á tryggingagjaldi eða launaveltu.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setti vinnureglur um úthlutun og greiðslur framlagsins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Við áætlanagerð um úthlutun framlagsins á árinu 2010 til einstakra sveitarfélaga var stuðst við upplýsingar frá embætti ríkisskattstjóra um innbyrðis skiptingu milli sveitarfélaga á staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi vegna launa sem greidd voru á árinu 2009.

Í ljósi upplýsinga um staðgreiðsluskil sveitarfélaga á tryggingagjaldi fyrstu mánuði ársins 2010, hvað beinar launagreiðslur í A-hluta sveitarsjóðs varðar, fór fram endurskoðun á áætlaðri úthlutun framlagsins til sveitarfélaga á árinu.

Sýnt er að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlagsins á árinu nægir ekki til að mæta kostnaði sveitarfélaganna vegna hækkunar tryggingagjaldsins úr 7% í 8,65%. Með tilvísun til þessa hefur verið leitað eftir viðbótarframlagi frá ríki.

### **Yfirlýsing á málefnum fatlaðra**

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 6. júlí 2010 um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga 1. janúar 2011 mun útsvarshlutfall sveitarfélaga hækka um 1,2 prósentustig og tekjuskattshlutfall ríkisins lækka að sama skapi.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru tryggðar tekjur til að standa undir jöfnunarhlutverki sínu með framlagi er nemur 0,95 prósentustigum af framangreindri útsvarshækkun sveitarfélaganna og munu þeir fjármunir renna í sérstaka deild innan sjóðsins.

Í samkomulaginu frá 6. júlí kemur fram að gert sé ráð fyrir framlögum á fjárlögum í sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2011 – 2013 vegna veikrar stöðu útsvarstofnsins. Aðrar greiðslur í Jöfnunarsjóð á grundvelli samkomulagsins eru vegna notenda-stýrðrar persónulegrar aðstoðar, breytingakostnaðar og vegna biðlista.

Á grundvelli breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sérstakrar reglugerðar vegna yfirlýsunnar munu úthlutanir framlaga fara fram úr sérdeild Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga og þjónustusvæða.

## **Ráðgjafarnefnd 2006-2010**

### **Aðalmenn**

Herdís Á. Sæmundardóttir, varaþingmaður, formaður 2006-2007

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri, formaður 2008-2010

Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri í Akureyrarkaupstað

Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ

Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ

### **Varamenn**

Guðjón Bragason, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, varaformaður 2006-2007

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, varaformaður 2008-2010

Ellý Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfjarðarkaupstað

Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð

Jón Hjartarson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg

Sigríður Jóna Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

## **Starfsmenn 2009**

Elín Pálsdóttir, forstöðumaður

Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur

Halldór V. Kristjánsson, stjórnarsýslufræðingur

Sigurborg K. Stefánsdóttir, viðskiptafræðingur

## **Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: <http://jofnunarsjodur.samgonguraduneyti.is> er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.


Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar fyrir liggja samþykktar tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga.

## Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003:

- Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert.
- Vaxtatekjur.

Á árinu 2009 var um að ræða viðbótarframlög frá ríki sem hér segir: Aukaframlag til að bæta rekstrarstöðu viðkomandi sveitarfélaga og framlag á grundvelli samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008.



**Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 113/2003 með síðari breytingum. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

## Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli reglugerðar nr. 113/2003 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

### Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög greiðast til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

*Bundin framlög 2007 - 2010 í m.kr.*

	2007	2008	2009	<i>Aætlan</i> 2010
Samband ísl. sveitarfélaga	230	239	234	239
Landshlutasamtök	133	137	131	141
Innheimtustofnun sveitarfélaga	600	783	1.102	1.200
Umsjónarnefnd eftirlauna	7	6	6	6
Húsafriðunarsjóður	46	47	48	48
<b>Samtals</b>	<b>1.016</b>	<b>1.212</b>	<b>1.521</b>	<b>1.634</b>

### Sérstök framlög, skv. 7. gr.

Sérstök framlög greiðast til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003 með síðari breytingum. Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins er umtalsverðum fjármunum varið til sameiningarmála á árunum 2005 - 2010.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000. Bændasamtök Íslands annast stjórnarsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- Framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 122/2003 með síðari breytingum og samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2009 námu samtals um 3.122 m.kr. og 358 m.kr. á sérstökum húsaleigubótum. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs var áætlað 51,5% vegna almennra húsaleigubóta og 60% vegna sérstakra húsaleigubóta. Áætlað greiðsluhlutfall á árinu 2010 er það sama.
- Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu. Hér undir fellur framlag til rekstrar sérstakrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brüssel. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára, á árunum 2009 – 2012, á grundvelli sérstaks samkomulags milli sambandsins og Jöfnunarsjóðs frá 30. desember 2009. Framlagið nemur samtals um 48 m.kr. miðað við verðlag í desember 2009.


Sérstök framlög 2007 - 2010 í m.kr.

	2007	2008	2009	Áætlun 2010
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	514	623	394	450
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	0	0	68	120
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	14	17	25	25
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	2.518	2.489	2.281	2.517
Framlög vegna húsaleigubóta	941	1.257	1.921	1.869
Framlög til sérstakra verkefna	10	14	12	20
	3.997	4.400	4.701	5.001

### Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 113/2003, sbr. eftirfarandi:

- Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
- Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldapörf.




### Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. c-lið 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutdeild í rekstrarkostnaði sjóðsins, er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002.



**Eftirfarandi framlög eru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002:**

- Almenn framlög: Til þeirra framlaga var varið um 73,1% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2009 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- Framlög vegna sérparfa fatlaðra nemenda: Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustubarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- Framlög vegna nýbúafraeðslu: Viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa.
- Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna. Um er að ræða verkefni vegna kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkurborgar og eftirfarandi tíma-bundin verkefni: Dreifmenntarverkefni á sunnanverðum Vestfjörðum, verkefni vegna þjálfunar sérfræðinga í málefnum innflytjenda og aðkoma að ráðningu verkefnisstjóra um mat á skólastarfi og innleiðingu nýrra laga um leik- og grunnskóla.



## Heildarframlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga

Eins og sjá má á eftirfarandi línuriti varð veruleg hækkun á heildarframlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2006 og 2007. Á árinu 2008 fór heldur að draga úr þeirri hækkun og á árinu 2009 er um lækkun á heildarframlögum að ræða. Á árinu 2010 er áætlað að heildarframlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga verði um 1.300 m.kr. hærrí en á árinu 2009. Sú hækkun stafar hins vegar að stærstum hluta af nýju verkefni sjóðsins vegna endurgreiðslu til sveitarfélaga á hækkun tryggingagjalds.







---

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2009

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
kt. 480676-0179


## Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2009 var tekjuhalli af rekstri Jöfnunarsjóðsins 223 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 1.148 m.kr, skuldir 638 m.kr. og eigið fé 510 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Reykjavík, 11. október 2010



Ögmundur Jónasson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Guðmundur Bjarnason  
formaður ráðgjafarnefndar.

## Áritun endurskoðenda

Til samgöngu - sveitarstjórnarráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### **Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### **Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


### **Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 11. október 2010



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2009

Tekjur	Skýr.	2009	2008
Framlag ríkissjóðs.....	1	11.801.736	12.394.268
Framlag sveitarfélaga.....	2	6.345.613	6.270.440
Sérstakt framlag félagsmálaráðuneytis.....		0	61.746
Tekjur alls		<u>18.147.349</u>	<u>18.726.454</u>
Framlög			
Bundin framlög.....	3	1.522.161	1.211.782
Sérstök framlög.....	4	4.702.367	4.398.699
Jöfnunarframlög.....	5	6.141.523	7.098.621
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.....	6	6.210.737	6.208.589
Framlög alls		<u>18.576.788</u>	<u>18.917.691</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	7	4.774	6.762
Annar rekstrarkostnaður.....	8	52.953	53.037
Rekstrarkostnaður samtals		<u>57.727</u>	<u>59.799</u>
Eignakaup.....	9	11.585	355
Framlög og gjöld alls		<u>18.646.100</u>	<u>18.977.845</u>
Rekstrarhalli.....		( 498.751)	( 251.391)
Hreinar fjármagnstekjur.....	10	<u>275.804</u>	<u>371.985</u>
Tekjuhalli/afgangur ársins		<u>( 222.947)</u>	<u>120.594</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr	31.12.2009	31.12.2008
<b>Veltufjármunir:</b>			
Ríkissjóður.....	13	7.241	0
Áfallnar vaxtatekjur.....		149.575	159.133
Aðrar skammtímakröfur.....		140.286	165.681
Skammtímakröfur samtals		<u>297.102</u>	<u>324.814</u>
<b>Handbært fé:</b>			
Bankareikningar.....		<u>850.663</u>	<u>1.223.532</u>
<b>Eignir alls</b>		<u><u>1.147.765</u></u>	<u><u>1.548.346</u></u>

Után efnahagsreiknings..... 15

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr	31.12.2009	31.12.2008
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll.....	14	<u>510.001</u>	<u>732.948</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ríkissjóður		0	53.424
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		18.760	15.913
Ógreidd framlög.....	11	121.674	210.230
Aðrar skammtímaskuldir.....	12	497.330	535.831
Skammtímaskuldir samtals		<u>637.764</u>	<u>815.398</u>
Skuldir samtals		<u>637.764</u>	<u>815.398</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u><u>1.147.765</u></u>	<u><u>1.548.346</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Rekstrarhalli/afgangur samkvæmt rekstrarreikningi.....	(	222.947)	120.594
Veltufé frá rekstri	(	222.947)	120.594
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		34.953	( 165.251)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....	(	123.408)	81.449
	(	88.455)	( 83.802)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	(	311.402)	36.792
 <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	11.801.735)	( 12.394.268)
Greitt úr ríkissjóði.....		11.740.268	12.696.748
	(	61.467)	302.480
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(	372.869)	339.272
 Handbært fé í ársbyrjun.....		1.223.532	884.260
 Handbært fé í árslok		850.663	1.223.532

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

#### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

#### Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

#### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

#### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Bókhald

Fjárýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu fyrir sjóðinn.

#### Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.



## Skýringar

### Framlag ríkisins

1. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs. Til viðbótar voru bein framlög úr ríkissjóði 2.075 m.kr. á fjárlögum 2009.

	2009	2008
Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga.....	9.726.735	10.270.268
Beint framlag úr ríkissjóði til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga.....	1.000.000	1.400.000
Beint framlag úr ríkissjóði til eflingar sveitastjórnarstigsins.....	0	400.000
Beint framlag úr ríkissjóði vegna húsaleigubóta.....	1.075.000	324.000
Samtals	<u>11.801.735</u>	<u>12.394.268</u>

### Framlag sveitarfélaga

2. Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni 0,77% af útsvarsstofni des. - nóv. staðgreiðslu..... 6.205.897 6.171.790  
0,77% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs..... 139.716 98.650  
Samtals 6.345.613 6.270.440

### Bundin framlög

3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlögin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Samband ísl. sveitarfélaga.....	234.454	238.885
Landshlutasamtök.....	131.429	136.552
Innheimtustofnun sveitarfélaga.....	1.102.152	782.947
Umsjónarnefnd eftirlauna.....	6.162	6.467
Húsafriðunarsjóður.....	47.964	46.931
Samtals	<u>1.522.161</u>	<u>1.211.782</u>

## Skýringar

### Sérstök framlög

4. Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi eða rekstri þeirra. Hér er um að ræða framlög vegna sameiningar sveitarfélaga, framlög vegna fjárhagserfiðleika, framlög til vatnsveitna á lögbýlum, framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, framlög vegna húsaleigubóta og framlög vegna sérstakra verkefna. Framlögin eru skv. 7. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Sameining sveitarfélaga	2009	2008
Almenn úthlutun.....	37.045	17.131
Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins.....	357.392	605.399
	<u>394.437</u>	<u>622.530</u>
Framlög vegna fjárhagserfiðleika.....	68.498	0
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum.....	25.122	16.670
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatta.....	2.280.921	2.488.676
Framlög vegna húsaleigubóta.....	1.920.944	1.256.899
Framlög til sérstakra verkefna.....	12.445	13.924
Samtals	<u>4.702.367</u>	<u>4.398.699</u>

### Jöfnunarframlög

5. Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög til að jafna tekjur sveitarfélaga miðað við að þau hafi fullnýtt tekjustofna sína og útgjaldajöfnunarframlög til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni og tekna þeirra. Framlögin eru samkvæmt 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Til viðbótar er 1.000 millj. kr. aukaframlag skv. fjárlögum 2009 til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga. Aukaframlaginu skal ráðstafað samkvæmt reglum nr. 862 frá 2009.

Tekjujöfnunarframlög.....	1.241.523	1.298.621
Útgjaldajöfnunarframlög.....	3.900.000	4.400.000
Aukaframlag.....	1.000.000	1.400.000
Samtals	<u>6.141.523</u>	<u>7.098.621</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Skýringar

### Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

6. Jöfnunarframlög til grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

	2009	2008
Almenn framlög.....	4.538.677	4.537.790
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	1.462.954	1.431.497
Framlög v/nýbúafræðslu.....	152.643	123.347
Skólabúðir að Reykjum.....	31.800	30.237
Önnur framlög.....	24.663	23.972
Framlög vegna lengdrar viðveru.....	0	61.746
Samtals	<u>6.210.737</u>	<u>6.208.589</u>

### Starfsmannamál

7. Launakostnaður vegna forstöðumanns og fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni, í samráðsnefnd um húsaleigubætur og í endurskoðunarnefnd eru færð hér. Launakostnaður lækkar um 2,0 m.kr. sem skýrist af því að þóknun til nefndar sem vinnur að endurskoðun laga og reglugerðar um Jöfnunarsjóðinn er ekki greidd jafnóðum. Þannig er þóknun nefndarinnar vegna vinnu á árinu 2009 ekki gjaldfærð eða greidd fyrr en á árinu 2010.

Nefndar- og stjórnarlaun.....	4.006	5.751
Launatengd gjöld.....	754	921
Starfsmannakostnaður.....	14	90
Samtals	<u>4.774</u>	<u>6.762</u>

### Annar rekstrarkostnaður

8. Annar rekstrarkostnaður samtals er mjög áþekkur og á fyrra ári. Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkar umtalsvert en á árinu 2008 var gerð breyting rafrænu umsóknar- og upplýsingakerfi vegna húsaleigubóta.

Þjónustusamningur við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið hækkar um 9,0 m.kr. sem er 28,3% hækkun og skýrist einkum af því að 0,5 stöðugildi bættist við á árinu og húsaleiga sem hækkaði á árinu vegna stærra húsnæðis er nú öll tekin með þjónustusamningnum en var aðskilin áður.

Bókhaldsþjónusta.....	345	338
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	4.739	11.326
Funda- og ferðakostnaður.....	4.596	4.079
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	355	663
Húsaleiga.....	905	3.097
Þjónustusamningur við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið.....	40.643	31.677
Ýmis kostnaður.....	1.370	1.857
Samtals	<u>52.953</u>	<u>53.037</u>

## Skýringar

Eignakaup	2009	2008
9. Endurbætur á húsnæði .....	9.575	0
Kaup á tölvubúnaði, húsgögnum og skrifstofutækjum .....	2.010	0
Samtals	<u>11.585</u>	<u>0</u>

### Hreinar fjármagnstekjur

10. Hreinar fjármagnstekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	313.925	413.318
Vaxtagjöld..... (	3)	( 1)
Fjármagnstekjuskattur..... (	38.118)	( 41.332)
Samtals	<u>275.804</u>	<u>371.985</u>

### Ógreidd framlög

11. Ógreidd framlög greinast þannig:

Almenn jöfnunarframlög.....	65.150	110.230
Framlög vegna húsaleigubóta .....	56.524	
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.....	0	100.000
Samtals	<u>121.674</u>	<u>210.230</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

12. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Sveitarfélög vegna húsaleigubóta.....	470.543	430.274
Sveitarfélög vegna lengdrar viðveru.....	0	30.000
Ýmsar skuldir.....	26.787	75.557
Samtals	<u>497.330</u>	<u>535.831</u>

### Staða við ríkissjóð

13. Í árslok 2009 er inneign Jöfnunarsjóðsins við ríkissjóð 7,2 m.kr. Í ársbyrjun var skuld sjóðsins 53,4 m.kr. og hefur því staðan við ríkissjóð batnað um 60,6 m.kr.

Ríkissjóður v/lögbundinna framlaga.....	1.736	( 59.732)
Ríkissjóður v/hlutdeildar í staðgreiðslu útsvars.....	5.505	6.308
Samtals	<u>7.241</u>	<u>( 53.424)</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Skýringar

Eigið fé	2009	2008
----------	------	------

14. Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu 2009 greinist þannig:

Höfuðstóll 1/1.....	732.948	612.354
Tekjuafgangur ársins.....	( 222.947)	120.594
Höfuðstóll 31/12	510.001	732.948

### Utan efnahagsreiknings

15. Innheimtustofnun sveitafélaga

Skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum, sbr. d-lið 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar til að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar svo og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kveða ekki á um að Innheimtustofnunin endurgreiði Jöfnunarsjóði þessi framlög. Ef þau skilyrði skapast að Innheimtustofnunin innheimti meðlög umfram það sem hún þarf á að halda til að standa skil á til Tryggingastofnunar ríkisins og greiðslu rekstrarkostnaðar þá endurgreiði hún þann hluta til Jöfnunarsjóðs. Uppsöfnuð framlög til Innheimtustofnunar eru því tilgreind hér til að sýna hversu mikið fé er bundið í innheimtukerfi meðlaga og er sama fjárhæð bókfærð sem framlag Jöfnunarsjóðs í ársreikningi Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Flutt frá fyrra ári.....	9.717.565	9.141.668
Framlag ársins.....	1.102.152	782.947
Afskrifaðar kröfur á árinu.....	( 177.349)	( 207.050)
Samtals	10.642.368	9.717.565

## Skýringar

### 16. Fimm ára yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2009	2008	2007	2006	2005
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur.....	18.147	18.726	17.807	14.927	12.566
Rekstrargjöld..... (	18.646)	( 18.978)	( 17.989)	( 15.383)	( 12.619)
Fjármunatekjur.....	276	372	303	226	152
Tekjuafgangur ársins	<u>( 223)</u>	<u>120</u>	<u>121</u>	<u>( 230)</u>	<u>99</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	1.148	1.548	1.293	1.207	1.195
Eignir alls	<u>1.148</u>	<u>1.548</u>	<u>1.293</u>	<u>1.207</u>	<u>1.195</u>
Eigið fé .....	510	733	612	491	722
Skammtímaskuldir .....	638	815	681	716	473
Eigið fé og skuldir alls	<u>1.148</u>	<u>1.548</u>	<u>1.293</u>	<u>1.207</u>	<u>1.195</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.



